

Nd.

180. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að rannsaka Krossanesmálið.

Flutningsm.: Tryggvi Þórhallsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, samkvæmt 35 gr. stjórnarskrárinnar, til þess að rannsaka hið svonefnda Krossanesmál, og veitir henni rjett til að heimta um það skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Greinargerð.

Krossanesmálið hefir verið svo mjög rætt, bæði hjer á landi og í Nor-
egi, og svo misjafnar sögur um það gengið, en málið hinsvegar alvarlegt, að
sjálfsagt þykir að það sje rannsakað til hlítar.